Nd. **184. Frumvarp til laga**

um sölu á jarðeignum ríkisins.

Flm.: Jón Pálmason, Gísli Sveinsson, Gunnar Thoroddsen.

1. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að selja áhúendum, er á jarðeignum ríkisins sitja, ábýli þeirra með þeim takmörkunum, sem lög þessi mæla fyrir.

2. gr.

Heimild þessi nær eigi til þeirra jarða, sem að áliti sýslunefndar þar, er jörð liggur, eru hentugar til embættisseturs, skóla, sjúkrahæla eða til annarra almennra nota. Nú er kauptún, þorp eða verksmiðjuiðnaður fyrir á jörð, sem lög þessi ná til, eða sýslunefnd telur líklegt, að slíkt komi þar upp innan skamms, eða sýslunefnd byggur jörðina sérstaklega fallna til sundurskiptingar milli fleiri nýbýla, og má þá eigi selja jörðina án sérstakrar lagaheimildar í hvert skipti.

3. gr.

Þegar jörð er seld samkvæmt lögum þessum, skal ávallt undanskilja náma, sem vera kunna í jörðu eða finnast þar síðar, svo og rétt til að nota þá. Ábúanda ber þó fullar bætur eftir óvilhallra manna mati fyrir átroðning og jarðarusla, er af því leiðir, að þeir eru notaðir.

4. gr.

Nú er fleirbýli á jörð, sem lög þessi ná til, og má þá selja einum ábúanda alla jörðina, ef hinir samþykkja.

5. gr.

Ef jörð, sem lög þessi ná til, er komin í eyði, má selja hana þeim, er tekur hana til eigin nytja, þó eigi taki hann þar aðsetur þegar.

6. gr.

Sá, er leitar kaupa á jörð samkvæmt lögum þessum, semur beiðni um það, stílaða til ríkisstjórnar, og sendir hana til oddvita sýslunefndarinnar. Ef umsækjandi fullnægir skilyrðum fyrir því að geta fengið jörðina keypta eftir lögum þessum, leggur sýslumaður beiðni hans fyrir sýslunefnd á næsta fundi hennar, og skal hún láta uppi, hvort hún telur jörðina til þeirra jarða, sem um getur í 2. gr. Einnig skal sýslunefnd láta uppi álit sitt um, hvort hún telji rétt að undanskilja sölunni skóglendi, fossa eða önnur jarðargögn en náma.

7. gr.

Nú telur sýslunefnd, að jörðin falli ekki undir ákvæðin í 2. gr., og skal þá sýslumaður senda umsóknina ríkisstjórn ásamt meðmælum nefndarinnar.

Söluverð jarðar skal vera fasteignamatsverð, að frádregnu matsverði þeirra umbóta, sem ábúandi hefur gert á jörðinni og eigi fengið greiðslu fyrir. Kaupandi tekur að sér greiðslu skulda, sem á jörðinni hvila, en greiðir jarðarverðið að öðru leyti í peningum um leið og sala fer fram.

8. gr.

Það skal vera aðalregla, að jarðir, sem seldar eru samkvæmt lögum þessum, séu jafnframt gerðar að ættaróðali samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Sjái kaupandi sér eigi fært að ganga að þeim skilmálum, getur salan eigi að síður farið fram. En ef kaupandi eða nánustu ættmenn hans hætta ábúð á jörðinni næstu 10 ár eftir að sala fer fram, fellur jörðin til ríkisins með sama verði og hún er keypt fyrir, að viðbættu matsverði þeirra umbóta, sem gerðar hafa verið frá því, er sala átti sér stað. Sala á jörðinni má eigi heldur eiga sér stað á því tímabili, nema við sama verði sé og aðeins til nánustu ættmanna.

Þau skilyrði, sem um ræðir í þessari grein, skulu sett í afsalsbréf, er sýslumaður gefur út í umboði ríkisstjórnar um leið og jarðarverðið er greitt.

9. gr.

Með lögum þessum er úr gildi felld 27. gr. laga nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt.

10. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Þegar fjárkreppan eftir 1930 fór að þrengja að bændastétt landsins, komust margir í mjög miklar skuldir, og lá við borð, að margir bændur yrðu að hrökklast frá jörðum sínum og búum. Með stofnun jarðakaupasjóðs ríkisins var að því stefnt að koma sem flestum jarðeignum undir ríkið á meðan skuldirnar þrengdu að bændum, þar sem flestir mundu heldur kjósa að vera áfram á jörðunum við góð leigukjör heldur en hverfa burtu og selja hæstbjóðanda eignina. Þetta hefur og reynzt svo. En þar eð hagur bænda hefur nú um skeið talsvert rýmkazt, þar sem ekki eru verstar ástæðurnar vegna fjárpesta, þá er mörgum þeim, sem selt hafa jörðina sína til ríkisins, áhugamál að fá hana aftur með svipuðum kjörum. Flutningsmönnum þessa máls virðist rétt-

mætt að verða við þessum óskum, og ber það til fyrst og fremst, að þeir telja heppilegra, að jarðir séu yfirleitt í sjálfsábúð. Hefur reynslan sýnt ótvírætt, að sjálfseignarjarðir eru betur setnar en leigujarðir. Auk þessa virðist réttmætt, að bændur, sem af ósjálfráðum ástæðum lentu í kröggum og neyddust til að selja jarðir sínar, séu ekki látnir gjalda þessa, og því sé þeim gefinn kostur á að fá jarðirnar aftur með svipuðu verði. Þess vegna er fasteignamat lagt til grundvallar í frumvarpi þessu. Að öðru leyti er það í aðalatriðum byggt á þjóðjarðasölulögunum gömlu. Þó eru tvö veigamikil atriði á annan veg. Í fyrsta lagi það, að verð jarðanna sé greitt að fullu um leið og sala fer fram, með yfirfærslu áhvílandi skulda og á annan hátt. Hitt atriðið er það, að sala er bönnuð næstu 10 árin nema milli nánustu ættingja og fyrir sama verð. Sé þó aðalreglan sú, að jarðirnar séu gerðar að ættaróðulum samkvæmt lögum nr. 8 1. febr. 1936, um erfðaábúð og óðalsrétt. Ætlazt er til, að söluheimild laganna nái til allra jarðeigna ríkisins, með þeim takmörkunum, sem 2. gr. ákveður, þannig, að þjóðjarðir, kirkjujarðir og jarðir jarðakaupasjóðs komi hér allar til greina.

Nánar í framsögu.